

Fimmtudaginn 18. júní 1998.

Nr. 98/1998.

Ákærvaldið(Símon Sigvaldason saksóknari)
gegn**Tryggva Sigfússyni**

(Ragnar Aðalsteinsson hrl.)

Tilraun til manndráps. Líkamsárás. Sérálit.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Pétur Kr. Hafstein, Gunnlaugur Claessen, Haraldur Henrysson, Hjörtur Torfason og Hrafn Bragason.

Málinu hefur verið skotið til Hæstaréttar með stefnu 3. mars 1998 að ósk ákærða, sem áfrýjar því í heild sinni. Einnig er áfrýjað af hálfu ákærvalds.

Ákærvaldið krefst sakfellingar samkvæmt ákæru og þyngingar á refsingu ákærða. Í stefnu var einnig krafist skaðabóta til handa Ingibjörgu Ýri Jóhannsdóttur, en fallið var frá þeirri kröfu við flutning málsins. Er staðfest, að ákærði hafi 26. mars 1998 greitt henni 253.050 krónur í samræmi við niðurstöðu héraðsdóms, og sé það fullnaðargreiðsla.

Ákærði krefst sýknu af öllum kröfum ákærvalds.

Nokkur ný gögn hafa verið lögð fyrir Hæstarétt. Meðal þeirra er vottorð 7. júní 1998 frá Kristófer Þorleifssyni, sérfræðingi í geðlækningum við geðdeild Landspítalans, en hann hefur síðan í október 1997 átt regluleg viðtöl við ákærða, sem jafnframt er í lyfjameðferð vegna þunglyndis. Segir þar meðal annars: „Þau ár, sem ég hef sem geðlæknir fylgt Tryggva eftir, hef ég ekki orðið var við nein merki um alvarlegan persónuleikabrest, hvorki . . . um andþjóðfélagslegan persónuleikabrest . . . eða merki þess, að hann væri ofbeldishneigður Þvert á móti hefur Tryggvi haft einkenni um að vera óframfærinn, hræddur og kvíðinn. Hann hefur áður fyllst ofsakvíða við erfiðar aðstæður, og finnst mér ekki óeðlilegt að álykta, að slíkt hafi gerst, þegar hann lenti í útistöðum í Hafnarstræti forðum. Þannig hafi gripið hann ofsahræðsla og að sjálfsögðu dómgreind hans skert þá vegna ofurölvunar.“ Eftir kynnum sínum af ákærða telur læknir-

inn ekki líkur á, að Tryggvi muni brjóta af sér að nýju, og megi líta á gerðir hans í Hafnarstræti sem algjört óhappaverk.

I.

Mál þetta er risið af atburðum, sem gerðust í Hafnarstræti og Pósthússtræti í Reykjavík upp úr kl. 4 að morgni sunnudagsins 21. september 1997, aðallega í námunda við tröppur að húsunum nr. 9 og 11 við Hafnarstræti, þar sem Hafnarkráin var til húsa í hinu fyrrnefnda, en veitingastofan Café au lait í hinu síðarnefnda. Vitnin Ingibjörg Ýr Jóhannsdóttir og Egill Sigurbjörnsson voru stödd þar á tröppunum, þegar ákærða og mág hans bar að á göngu meðfram Hafnarkránni. Voru þeir nýkomnir í miðborgina og báðir ölvaðir. Þeir hófu afskipti af rifrildi, er staðið hafði milli vitnanna, og spruttu af því átök milli þeirra og Egils. Í byrjun átakanna dró Egill upp hníf, sem síðar barst í hendur ákærða. Beitti ákærði hnífnum gegn stúlkunni, eftir að hún hafði horfið frá átakastaðnum stutta stund og komið aftur til að liðsinna Agli, en mágur ákærða virðist þá hafa setið ofan á honum í götunni og haldið honum niðri. Fékk stúlkan lag af hnífnum undir bringspalirnar sem næst á móts við hjartastað, og féll hún í götuna. Lagið olli grunnu sári, en gekk ekki gegnum brjóstvegg og reyndist ekki hafa lífshættu í för með sér.

Eftir að átökin hófust, komu á staðinn vitnin Heiðar Gottskálks-son og Steinunn Björk Halldórsdóttir á leið eftir Hafnarstræti í leit að leigubifreið. Samkvæmt frásögnum þeirra hugðust þau ekki blanda sér í þessar ryskingar, en Steinunn Björk virðist þó hafa snúið sér að ákærða og hinum tveimur til að spyrja, hvað á gengi. Kveður hún ákærða hafa sagt sér, að hún ætti ekki að skipta sér af því, sem henni kæmi ekki við. Segja þau bæði, að ákærði hafi þá beitt hnífnum gegn Steinunni, þar sem hún hafi verið stödd við tröppur að Café au lait. Fyrir liggur, að hún fékk hnífslag framan á neðanvert brjostið milli geislunga, er tengja rifbein við bringubein. Gekk hnífurinn inn í hjartað og olli lífshættulegri blæðingu, eins og nánar segir í hinum áfrýjaða dómi.

Samkvæmt frásögnum annarra vegfarenda, sem bar að staðnum, virðist átökum ákærða og mágs hans við Egil Sigurbjörnsson hafa lokið í þann mund, er Ingibjörg Ýr varð fyrir áðurgreindu hnífslagi. Virðist ákærði þá hafa tekið á rás austur Hafnarstræti og þaðan til

vinstri eftir Pósthússtræti að miðborgarstöð lögreglunnar í austur-enda Tollhússins og mágur hans hafa gert hið sama. Vitnin Heiðar og Steinunn Björk fóru sömu leið af vettvangi og komu að stöðinni rétt á undan ákærða, en allmargir vegfarendur fylgdu þar á eftir. Höfðu lögreglumenn nýlokið við að hleypa vitnunum inn, þegar ákærði leitaði inngöngu. Hann bar þá fyrrgreindan hníf í hendinni, en sleppti honum í dyrum stöðvarinnar, og kveðst lögreglumaður hafa tekið hnífinn af honum. Ákærði kveðst muna eftir því að hafa hlaupið þessa leið, og hafi hann ekki verið að elta vitnin, heldur hafi hann viljað leita skjóls á lögreglustöðinni undan átökunum og þeim mannsöfnuði, sem að hefði drifið.

II.

Ákærði hefur frá öndverðu borið, að hann geti ekki gert sér skýra grein fyrir þeim atburðum, er áður greinir, sakir ölvunar sinnar og þeirrar geðshræringar, sem yfir sig hafi komið. Fyrir dómi kvaðst hann ekki geta tekið afstöðu til ákærunnar, sem gæti verið bæði rétt og röng. Hann kvaðst ekki geta staðfest, að hann hefði stungið stúlkurnar með hnífnum, sem barst honum í hendur, og neitaði eindregið að hafa gert það af ásetningi.

Frásagnir aðila og sjónarvotta að atburðunum eru raktar í hinum áfrýjaða dómi. Af þeim er ljóst, að fyrrgreindar stúlkur urðu báðar fyrir áverka af hnífi í tengslum við áflog milli ákærða og mágs hans annars vegar og vitnisins Egils Sigurbjörnssonar hins vegar. Var þetta hættulegur fjaðurhnífur, sem Egill hafði borið.

Sannað verður að telja með framburði þeirra sjónarvotta, sem taldir eru í héraðsdómi, að ákærði hafi beint þessum hnífi að Ingi-björgu Ýri Jóhannsdóttur af ásettu ráði og veitt henni þann áverka, sem áður greinir. Ákærði hafði enga ástæðu til að beita vopni gegn stúlkunni, þótt átök stæðu yfir. Ákærða mátti vera ljóst, að hnífnum var beint á hættulegan stað, en draga verður í efa, að honum hafi verið beitt af miklu afli. Verður ekki fullyrt, að hnífstunguna hafi borið að með þeim hætti, að líklegast væri, að bani hlytist af, og ósannað er, að ákærði hafi viljað ráða stúlkunni bana. Ber því að fallast á það með dómendum í héraði, að þessi verknaður ákærða varði við 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 11. gr. laga nr. 20/1981.

Um atvik að því, er Steinunn Björk Halldórsdóttir varð fyrir lagi af hnífnum, eru hún og Heiðar Gottskálksson ein til frásagnar auk ákærða. Aðrir urðu þess ekki varir fyrr en síðar, að hún hefði orðið fyrir hnífstungu. Af gögnum málsins er þó ljóst, að öðrum en ákærða, er valdur geti verið að áverka hennar, sé ekki til að dreifa. Fyrir dómi kvaðst Steinunn Björk ekki geta fullyrt, að ákærði hefði verið rólegur að sjá, þegar hann beindi hnífnum að henni. Eigi að síður eru frásagnir hennar og Heiðars eindregnar um það, að ákærði hafi rekið í hana hnífinn af ásettu ráði, og verður fallist á það með dómendum í héraði, að þetta sé sannað. Laginu var beint að brjósti stúlkunnar, og hlaut ákærði að sjá fyrir, að bani gæti af því hlotist. Getur vafi um það eitt, hvort stúlkan stóð kyrr eða kom á móti ákærða, ekki breytt þessari niðurstöðu, enda var hún ekki aðili að átökunum. Verður því á það fallist, að ákærði hafi gerst sekur um verknað, sem í felist brot gegn 211. gr., sbr. 20. gr. almennra hegningarlaga.

III.

Fallist er á það með dómendum í héraði, að ákærði hafi verið fær um að stjórna gerðum sínum að því marki, að hann sé sakhæfur, sbr. 15. gr. almennra hegningarlaga.

Refsingu á hendur ákærða ber að ákveða í einu lagi fyrir bæði brotin, sbr. 77. gr. almennra hegningarlaga. Við ákvörðun hennar ber að líta til hinnar stórfelldu hættu af atferli hans. Ölvun hans firrir hann ekki ábyrgð, sbr. 17. gr. almennra hegningarlaga. Hins vegar má líta til þess, að ákærði hafði ekki haft hnífinn meðferðis, en honum var otað að þeim mági hans í byrjun átakanna. Með hliðsjón af geðrannsókn Hannesar Péturssonar læknis og áðurgreindu vottorði Kristófers Þorleifssonar verður að ætla, að rekja megi viðbrögð ákærða til ótta og geðshræringar að miklu leyti. Hann hefur ekki áður gerst brotlegur við lög, svo að máli skipti. Hann hefur einnig sýnt vilja til að greiða bætur fyrir tjón af verknaði sínum. Með hliðsjón af öllu þessu þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi í 6 ár. Frá henni ber að draga vist hans í gæsluvarðhaldi frá 22. september 1997.

Hjörtur Torfason tekur fram, að hann telji refsingu eiga að vera 5 ára fangelsi.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað verður staðfest.

Ákærði greiði áfrýjunarkostnað málsins, svo sem um er mælt í dómsorði.

Í héraðsdómi er rangt farið með nafn vitnisins Kristjáns Karlssonar Gränz, og þar er ekki greint frá réttu heimilisfangi veitingastofunnar, sem var að Hafnarstræti 11.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Tryggvi Sigfússon, sæti fangelsi sex ár. Frá refsingunni ber að draga gæsluvarðhaldsvist hans frá 22. september 1997 með fullri dagatölu.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um sakarkostnað á að vera óraskað.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 120.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Ragnars Aðalsteinssonar hæstaréttarlögmans, 120.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 6. febrúar 1998.

Ár 1998, föstudag 6. febrúar, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Péttri Guðgeirssyni héraðsdómara ásamt meðdómsmönnum Helga I. Jónssyni og Sigurði T. Magnússyni héraðsdómurum, kveðinn upp dómur í sakamálinu nr. 32/1998: Ákæruvaldið gegn Tryggva Sigfússyni, sem tekið var til dóms 30. janúar sl.

Málið er höfðað með ákæru ríkissaksóknara, dagsettri 19. janúar sl., á hendur ákærða, Tryggva Sigfússyni, kt. 210356-4019, Vesturvör 9, Kópavogi, „fyrir tvær tilraunir til manndráps með eftirgreindri háttsemi í Hafnarstræti í Reykjavík um kl. 4.00 aðfaranótt sunnudagsins 21. september 1997:

I.

Að hafa veist að og stungið Ingibjörgu Ýri Jóhannsdóttur, kt. 010380-4219, fyrirvaralaust með hnífi, svo að lagið kom framan á brjóstkassa, rétt vinstra megin við bringubein, og myndaðist stungusár, um 1 cm að lengd, sem gekk að brjóstvegg, og í beinu framhaldi hér af:

II.

Að hafa þar veist að og stungið Steinunni Björku Halldórsdóttur, kt. 100377-4469, fyrirvaralaust með hnífi, og gekk hnífurinn aftur á við, lítið

eitt til vinstri við bringubein, á milli geislunga og í hjartastað með þeim afleiðingum, að Steinunn hlaut lífshættulega blæðingu, en við það varð hún þúlslaus, missti meðvitund og fékk blæðingu inn á gollurshús. Var hún þegar færð á Sjúkrahús Reykjavíkur. Voru þar dregnir um 60 ml af ferskum blóði drifnum vökva úr hjartastað. Í skurðaðgerð var vinstra brjósthol opnað og stunga þverlæg á miðjum hægri slegli yfirsamuð, en við það stöðvaðist blæðing.

Telst háttsemi ákærða í báðum tilvikum varða við 211. gr., sbr. 20. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, en til vara við 2. mgr. 218. gr. sömu laga, sbr. 11. gr. laga nr. 20/1981.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar.

Í málinu krefst Lára V. Júlíusdóttir héraðsdómslögmaður skaðabóta fyrir hönd Ingibjargar Ýrar Jóhannsdóttur úr hendi ákærða, 553.377 króna, auk dráttarvaxta samkvæmt vaxtalögum nr. 25/1987 frá 25. september 1997 til greiðsludags.

Þá krefst Magnús Guðlaugsson hæstaréttarlögmaður skaðabóta fyrir hönd Steinunnar Bjarkar Halldórsdóttur úr hendi ákærða, 10.000.000 króna, auk dráttarvaxta samkvæmt vaxtalögum nr. 25/1987 frá 21. september 1997 til greiðsludags“.

Málavextir.

Á fimmta tímanum sunnudaginn 21. september gerðust þeir atburðir í miðborg Reykjavíkur, sem leiddu til þess, að mál þetta var höfðað. Voru lögreglumenn fyrst kvaddir að veitingastofunni Café au lait, Hafnarstræti 7. Fengu þeir þær upplýsingar, að stúlku og pilti, sem reyndust vera þau Ingibjörg Ýr Jóhannsdóttir, kt. 010380-421, og Egill Sigurbjörnsson, kt. 240676-346, hefði orðið sundurorða þarna í strätinu, en meðan á því stóð, hefði borið að tvo menn, ákærða og Jökul Gunnarsson, kt. 131161-573, og þeir gefið sig að þeim Agli. Hefði það leitt til ýfinga milli þeirra og aðkomumannanna. Egill hefði tekið upp fjaðurhníf og otað að þeim og þá orðið átök, sem lyktað hefði með því, að stúlkan var stungin í kviðinn með hnífnum. Hefðu komumenn því næst hlaupið á brott með hnífinn.

Ingibjörg Ýr var flutt í flýti á slysadeild, og gerði Sigurgeir Kjartansson, sérfræðingur í skurðlækningum og æðaskurðlækningum, að sárum hennar. Í staðfestu vottorði hans segir orðrétt: „Hún hafði hlotið hnífstungu framan á brjóstakassa, nánar tilgreint, rétt vinstra megin við bringubein. Hún var við fulla meðvitund, en afar skelkuð eftir atburðinn og svaraði greiðlega spurningum, er að henni var beint. Lífsmörk hennar voru eðlileg við komu, og við könnun á stungusárinu, sem var um 1 cm að lengd, var ekki að finna merki um stungu í gegnum brjóstvegg; blæddi lítið sem ekkert úr, og var

skurðurinn saumaður á venjulegan máta. Ekki var að sjá á henni aðra áverka, og var henni haldið í gæslu fram eftir degi, en útskrifuð síðan til síns heima einum 6 klst. eftir atburðinn. Ekki er að vænta sérstakra eftirkasta eftir þetta slys utan hugsanlegrar ígerðar, er kynni að koma í stungusárið, og ætti hún því að öllum líkindum að hljóta skjótan bata, ef frá er talið það andlega áfall, sem af slíkum atburði kann að leiða.“ Læknirinn hefur einnig sagt fyrir dómi, að hnífslagið hafi komið í hjartagrófina, nánast á sama stað og hnífslagið, sem Steinunn varð fyrir (sbr. hér á eftir), og gengið u. þ. b. einn og hálfan cm inn að brjóstvegg í gegnum húð og fitulag þar fyrir innan. Hann kvað engan lífsháska hafa stafað af sárinu. Ekki er annað fram komið en Ingibjörg Ýr hafi náð fullum líkamlegum bata eftir árásina, ef frá er talið ör eftir hnífstunguna.

Mjög skömmu eftir atburðinn í Hafnarstræti sáu lögreglumenn á miðborgarstöð lögreglunnar í Tollhúsinu við Reykjavíkurhöfn, að stúlka kom hlaupandi að stöðinni og á eftir henni tveir karlmenn. Stúlkan barði blóðugri hendi á rúðu í millihurð stöðvadyranna og hrópaði, að maður hefði stungið hana og væri á eftir henni. Voru þar á ferð Steinunn Björk Halldórsdóttir, kt. 100377-4469, fyrrnefndur Jökull og Heiðar Gottskálksson. Var fólkinu hleypt inn á stöðina. Var stúlkan með blóðblett á brjósti, sem fór ört stækkandi. Hné hún í ómegnin þarna inni á stöðinni og blánaði upp. Brátt var kominn þarna að stöðinni þriðji maðurinn, ákærði í málinu, og reyndi að komast inn. Var hann með hnif í hendi. Tókst lögreglumönnum að taka af honum hnifinn og kalla á liðsauka og sjúkrabíl, sem flutti Steinunni Björku á slysadeild. Í staðfestu vottorði fyrrnefnds Sigurgeirs Kjartanssonar skurðlæknis segir orðrétt:

„Hún hafði hlotið stungusár neðan til, vinstra megin bringubeins, og mun hafa verið með meðvitund við komu á slysadeild, en „sjokkeruð“, með blóðþrýsting mældan um 60 í efri mörk við komu. Við könnun á sárinu, sem var um 1 cm að lengd, virtist stungusárið liggja aftur á við, lítið eitt til vinstri við bringubein, á milli geislunga. Gefið var þegar í stað ókrossað blóð með ríkulegu magni af saltvatni, en engu að síður fór líðan hennar hrakandi á næstu mínútum, hún var púlslaus og missti meðvitund og með svæsna bláæðafyllingu á hálsi. Varð því ljóst, að um blæðingu inn á gollurshús væri að ræða. Var hún tekin á skurðstofu án tafar og dregnir út um 60 ml af ferskum blóði drifnum vökva úr hjartastað, í fyrstu undir talsverðum þrýstingi, en minnkaði síðar, sem samrýmist vel þeirri cardiac tamponade eða offyllingu í gollurshúsi. Við það raknaði hún nokkuð við, en blþr. var þó varla mælanlegur, og var því vinstra brjósthol opnað. Kom þá í ljós blóðfylling á gollurshúsi undir miklum þrýstingi, sem var tæmd út, og reyndist

hnífstunga, um 1 cm löng, þverlæg í miðjum hæ. slegli með ákafri blæðingu. Stungan var yfirsaumuð á venjulegan máta; saumað var með prolene-saumum yfir gerviaðabót. Stöðvaðist blæðing þegar í stað, og eftir könnun á brjóstholi með skolun með ríkulegu saltvatni var ekki að sjá frekari blæðingastað, enda fór almennt ástand batnandi, og var brjóstholi lokað að viðteknum hætti með sogkerum, er teknir voru út um brjóstvegginn. Hún helst síðan uppi í blþr. án erfiðleika og var tekin af öndunarvél síðar um daginn án erfiðleika og er við góða heilsu eftir atvikum nú tveim dögum eftir slysið.“

Læknirinn staðfesti áverkavottorðið fyrir dómi. Kom fram hjá honum, að áverkinn á Steinunni Björku væri mögulega eftir hníf þann, sem honum var sýndur fyrir dómi, en það var hnífur sá, sem tekinn var af ákærða á miðborgarstöð 21. september síðastliðinn. Læknirinn kvað hnífinn hafa gengið um 10 cm inn í líkama Steinunnar Bjarkar og í gegnum hjarta hennar á einhverjum hættulegasta stað. Hafi hún verið við dauðans dyr, þegar hún kom undir læknishendur, og hefði ekki munað augnabliki, að hún lifði árásina af. Hann kvað nokkurt afl þurfa til að valda slíkum áverka með umræddum hníf, sem væri flugbeittur. Hann kvað afleiðingar áverkans ekki fullkannaðar, og verið gæti, að leyndur áverki væri í hjarta Steinunnar Bjarkar.

Síðar var gerð ómskoðun á hjarta Steinunnar Bjarkar. Meðal sakargagna er vottorð Gests Þorgeirssonar, sérfræðings á hjartadeild Sjúkrahúss Reykjavíkur. Segir þar: „Öll hjartahólf eru eðlileg að stærð, og samdráttarhæfni slegla er eðlileg. Lokur hjartans eru allar eðlilegar að sjá, opnast og hreyfast eðlilega. Enginn vökvi er í gollurshúsi. Með litadoppler sést bakflæði frá vinstra slegli (ventriculus) til vinstra forhólfs (atrium) um gat á fremra blaði míturlokunnar. Erfitt er að fullyrða um magn bakflæðis eða stærð gatsins með vissu, en flæði gæti verið u. þ. b. 1–2/IV um, að því er virðist, fremur lítið gat. Með tilliti til staðsetningar gatsins, þ. e. á þeim hluta lokunnar, sem snýr að útstreymisrás vinstra slegils (outflow tract), þykir líklegt, að það hafi komið til vegna hnífstungunnar, sem hefði þá orðið að fara í gegnum hægra slegil hjartans og vöðvann á milli sleglanna (septum interventriculare). Leitað hefur verið eftir því sérstaklega, hvort finna mætti gat milli slegla eða flæði milli þeirra, en ekki hefur tekist að sýna fram á það. Vel er hugsanlegt, að hnífstunguáverki sé á þessum vöðva hjartans, án þess að mikið flæði fari þar yfir. Einnig er hugsanlegt, að slíkt sár á septum sé nú gróið. Ástæða þykir til að fylgjast náið með sjúklingi næstu vikur og mánuði, því að óljóst er, hverjar langtímaafleiðingar þessa áverka á hjarta kunna að verða.“

Heiðar Gottskálksson reyndist vera með lítils háttar áverka vinstra meg-

in á kvið og stungugat á jakka á samsvarandi stað. Þá var Egill Sigurbjörnsson fleiðraður um andlit og háls og með lítið skurðsár á annarri hendi, sem talið er vera eftir hnífinn. Loks er þess að geta, að Jökull Gunnarsson var með skurði á báðum augabrúnum.

Hnífur sá, sem tekinn var af ákærða í lögreglustöðinni, reyndist vera hnífur Egils Sigurbjörnssonar, sem getið er hér á undan. Hnífur þessi er sjálfskeiðingur með 10,5 cm löngu, eineggja og oddmjóu blaði og þannig gerður, að blaðið er brotið um hjör inn í skeftið og læst þar. Þegar stutt er á hnapp í skeftinu, sprettur blaðið til baka af fjaðurafli og læsist frammi.

Vegna málsins voru tekin blóð- og þvagsýni til alkóhólrannsóknar úr karlmönnunum fjórum, sem nefndir eru hér að framan, og reyndust þeir allir vera undir áhrifum áfengis. Í blóðsýni úr ákærða mældust 1,87% af etanóli, en í þvagsýni, sem tekið var úr honum kl. 8.12 um morguninn, reyndust vera 2,14% af etanóli. Í blóðsýni, sem tekið var úr Jökli Gunnarssyni kl. 5.48 þennan morgun, mældust 2,31% af etanóli, og úr blóðsýni, sem tekið var úr Agli kl. 7.45, mældust 1,30% af etanóli. Loks mældust 1,49% af etanóli úr blóðsýni, sem tekið var úr Heiðari kl. 5.55. Ekki fundust merki um önnur vímuefni í sýnunum.

Loks er þess að geta, að gerð var DNA-rannsókn á sýnum af hnífsblaðinu, en niðurstaða rannsóknarinnar reyndist ekki hafa þýðingu fyrir málið.

Ákærði var klæddur í bláar gallabuxur og rauð- og stórköflótta skyrtu undir brúnum leðurjakka. Þá var hann með gleraugu, sem hann þarf að ganga með.

Við meðferð málsins hefur ákærði sagt það eitt um ákærana, að hún geti vafalaust bæði verið rétt og röng. Þá hefur hann að öðru leyti vísað til skýrslna, sem hann gaf hjá lögreglu undir rannsókn málsins. Hann sagðist þá hafa farið niður í miðbæ með mági sínum, Jökli Gunnarssyni, og verið dauðadrukinn. Hefðu þeir gengið inn í Hafnarstræti og hann ekki vitað fyrir en hann var kominn með hníf í hendur, sem hann hefði tekið af einhverjum manni, en mundi ekki, hvernig það gerðist. Fljótlega eftir það hefði allt orðið „vitlaust í kringum hann, ógurleg læti, öskur og annar hávaði“. Hefði hann orðið skelfingu lostinn og heyrð einhverjar raddir segja, að hann væri í stórhættu og yrði að forða sér. Ekki gerði hann sér grein fyrir því, hvort raddirnar væru frá öðrum eða innra með honum sjálfum. Hann hefði því viljað fara á lögreglustöðina til þess að leita þar skjóls. Hvítklædd stúlka hefði komið hlaupandi að sér og orðið fyrir hnífnum, sem hann hélt á í hægri hendi. Ekki vissi hann, hvar hnífurinn hefði lent, en hann hefði komið einhvers staðar í búkinn. Hefði þetta verið af slysni, þar sem stúlkan

hefði hlaupið á hnífinn. Ekki gat hann gert sér grein fyrir því, hvar þessi atburður gerðist, en eftir hann kvaðst hann hafa ætlað að hlaupa í burtu. Þá hefði staðið fyrir sér dökkklædd stúlka. Hefði hann ætlað að komast fram hjá henni, en hún gengið í veg fyrir sig. Hann hefði þá otað að henni hnífnum til að fá hana til að víkja úr vegi, og hefði hann komist fram hjá henni. Ekki vissi hann, hvort hnífurinn hefði lent í þessari stúlku. Hann hefði ekki ætlað að stinga stúlkuna, heldur aðeins að hræða hana, til þess að hún viki úr vegi. Hefði stúlkan sagt: „Ætlarðu að stinga mig?“ Kvaðst ákærði ekki muna, hvort hann hefði svarað henni. Hann hefði svo hlaupið fyrir hornið á Hafnarstræti og Pósthússtræti, en dottið. Þegar hann stóð upp aftur, hefði hann séð, að hnífurinn var alblóðugur, og einnig gert sér grein fyrir því, hversu hættulegur hann var, og lokað honum í skelfingu. Hann hefði heyrt, að öskrin mögnuðust og óhljóðin, sem hann heyrði áður, og búist við, að á sig yrði ráðist. Hefði hann farið að miðborgarstöð lögreglunnar, en einhver staðið þar fyrir dyrunum og sér ekki verið hleypt þar inn í fyrstu. Hann hefði beðið þann, sem fyrir dyrunum stóð, að taka við hnífnum. Hefði annaðhvort einhver tekið við hnífnum eða hann sjálfur hent honum inn á stöðina. Allt í einu hefði hann verið kominn þarna inn, og þá hefðu raddirnar þagnað. Stúlka, sem hefði verið þarna inni, hefði hrópað: „Þetta er hann!“ Það næsta, sem hann myndi, var, að hann var kominn út í lögreglubíl.

Þegar gengið var á ákærða um aðdraganda átakanna, kom fram hjá honum, að maður (Egill) hefði verið að ógna Jökli með hnífi, en hann kvaðst ekki muna, hvernig maðurinn gerði það. Þá sagði hann síðar í skýrslu, að maðurinn hefði hótað að drepa Jökul og haldið hnífnum við andlit hans. Hefðu þeir Jökull og maðurinn tekist á, en sjálfur hefði hann tekið um höndina, sem hélt á hnífnum. Hefðu þeir mágarnir snúið manninn niður, og kvaðst hann hafa náð hnífnum af manninum. Við þessa frásögn hefur ákærði haldið, þegar hann hefur komið fyrir dóm vegna gæsluvarðhalds.

Verður nú gerð grein fyrir framburði vitna fyrir dómi eftir röð ákæruliða og ályktað um hvern þeirra fyrir sig, en ekki verður með vissu sagt, í hvaða röð stúlkurnar hlutu áverkana.

I.

Ingibjörg Ýr Jóhannsdóttir hefur skýrt frá því, að hún hafi verið stödd um fimmleytið fyrir utan veitingastofuna Café au lait í Hafnarstræti með kærasta sínum, Agli, sem fyrr er nefndur. Þau hafi verið að tala saman alvarlega eftir rifrildi, sem þau hefðu verið nýbúin að jafna, þegar tvo menn bar að, og fóru þeir að skipta sér af þeim Agli. Annar þeirra hafi verið 35–40 ára með gleraugu og í brúnum leðurjakka. Hafi sér virst maðurinn

vera nokkuð „velktur“. Hinn maðurinn hafi verið grannvaxinn og dökkhærður, snyrtilegri en hinn. Þau hafi margbeðið mennina að láta sig í friði, en þeir ekki sinnt því. Þá hafi Egill dregið upp hníf, smellt fram blaðinu og sagt mönnunum að fara. Hann hafi þó ekki otað að þeim hnífnum. Sá, sem var með gleraugun, hafi komið aftan að henni og tekið í úlpuna, sem hún var í, og haldið henni fastri. Hún hafi reynt að rífa sig lausa, tekist að losa sig úr úlpunni og hlaupið yfir götuna og út að horninu við Pósthússtræti. Þar settist hún niður til þess að jafna sig, en farið svo aftur að huga að Agli og ná úlpunni. Hafi hún þá séð, hvar dökkhærði maðurinn lá ofan á Agli. Hafi hún farið til þeirra, tekið í axlir dökkhærða mannsins og öskrað á þá að hætta. Hafi þá maðurinn með gleraugun gengið að sér, tekið í aðra öxlinu og rekið eitthvað í kvið henni, rétt neðan við brjóstkassa. Hún kveðst ekki hafa séð hníf, en fundið til sársauka og kuls í sárið, æpt upp af sársaukanum og dottið á grúfu. Vitnið kvaðst ekki treysta sér til að líta í átt til ákærða í dómsalnum og vera að reyna að gleyma andliti hans.

Egill Sigurbjörnsson hefur skýrt frá því, að hann hafi setið með Ingibjörgu Ýri á tröppunum, sem eru á milli Café au lait og Hafnarkrárinnar um fjögurleytið. Þau hefðu verið að rífast, og kveðst hann hafa verið í illu skapi. Þá hefði borið að tvo menn, og hefðu þeir gefið sig að þeim, þó aðallega að Ingibjörgu Ýri. Kveðst hann þá hafa öskrað á þá, að þeir skyldu snauta á brott. En er þeir sinntu því ekki, hefði hann staðið upp og ýtt við þeim stærri. Mennirnir hafi þá gert sig líklega til að rjúka í sig, en hann hafi þá dregið upp hnífinn og otað að þeim og sagt þeim að koma sér burtu. Hafi þá verið um einn og hálfur metri á milli sín og þeirra. Stærri maðurinn hafi þá hörfað, en hinn minni tekið Ingibjörgu Ýri og dregið hana til sín. Kveðst hann þá hafa snúið sér að þeim Ingibjörgu og ætlað að ná henni af manninum, en hann borið hana fyrir sig eins og skjöld. Kveðst Egill þá hafa snúið hnífnum í hendi sér, svo að blaðið vissi aftur. Hinn stærri hafi þá komið aftan að sér og snúið sig niður á bakið. Hafi maðurinn haldið sér með hálstaki og einnig haldið fastri hendinni, sem hélt á hnífnum. Hafi þá hinn minni komið og tekið af sér hnífinn. Hinn stóri hafi þá sleppt hendinni og tekið fyrir andlit hans, svo að hann sá ekkert. Hafi hann þá heyrt stúlku-rödd hrópa, að þeir skyldu leyfa sér að anda. Hann hafi svo heyrt Ingibjörgu Ýri öskra upp, og hafi hann þá getað losað sig úr tökunum með því að bretta upp á fingur mannsins og sparka í höfuð honum. Hinn stóri hafi þá staðið upp og báðir mennirnir hlaupið á brott í áttina að Lækjartorgi. Og er hann sá til, hafi hann séð Ingibjörgu Ýri liggja á bakinu í götunni. Fyrir dómi var hann spurður, hvort hann þekkti umræddan mann í dómsalnum, og benti hann á ákærða.

Jökull Gunnarsson, mágur ákærða, hefur skýrt svo frá, að þeir mágarnir hafi gengið niður í miðbæ að líta á skemmtanalífið, eftir að þeir höfðu verið í samkvæmi heima hjá ákærða, þar sem neytt var áfengis. Muni hann því aðeins gloppótt eftir atburðunum vegna ölvunar. Hann segir þá ákærða hafa gengið eftir gangstétt í miðborginni og komið að fólki í áflogum úti fyrir einum skemmtistaðnum. Einhver, ef til vill stúlka, hafi kallað á hjálp og þeir farið til hjálpar. Úr þessu hafi orðið átök, sem hann muni óljóst eftir, og muni þau hafa gerst hratt. Hann muni eftir að hafa rífið í fatnað einhvers, sem hafi verið í átökum, til þess að stífa honum og öðrum í sundur. Næst muni hann eftir því að hafa fengið högg í andlitið, og telji hann sig hafa vankast við, a. m. k. muni hann lítið eftir það. Þó muni hann eftir því, að lögreglan hafi verið komin á vettvang. Einnig muni hann eftir því, að einhverjir tveir hafi hlaupið á brott, og eins rámi sig í að hafa bent lögreglunni á þá menn. Enn fremur rámi hann í, að einhverjir hafi verið að benda á þá ákærða sem sökudólga í einhverju. Kveðst Jökull hafa fengið áverka á andlit og eins verið aumur í löngutöng hægri handar.

Vitnið Bjarni Kristján Leifsson hefur skýrt frá því, að hann hafi verið í bíl með öðru fólki í Hafnarstræti, þegar hann sá, hvar maður sat ofan á öðrum. Stúlka hafi verið þar hjá og verið að reyna að ná hinum fyrrnefnda ofan af honum og ýtt á axlir hans og sagt eitthvað við hann. Annar maður hafi þá komið þar að með hníf í hendi. Hafi hann ýtt henni frá sér, en gengið svo nær henni og stungið hana ofarlega í kviðinn. Þá hafi hann rífið af henni handtöskuna. Einhver hafi ætlað að taka af honum töskuna aftur, en maðurinn þá mundað hnífinn að þeim manni, er þá hafi sleppt taki á henni. Þá hafi árásarmaðurinn hlaupið á brott. Stúlkan hafi hnigið niður eftir stutta stund. Vitnið kveðst ekki hafa séð manninn stinga aðra stúlku.

Vitnið Guðmundur Björn Valdimarsson sat í kyrrstæðum bíl í Hafnarstræti, þegar atburðir málsins urðu, og var að koma úr vinnu. Hann hefur skýrt svo frá, að hann hafi séð tvo menn ganga austur Hafnarstræti á eða við gangstéttina. Þeir hafi báðir verið í leðurjökkum og annar með gleraugu og klæddur rauðköflóttu skyrtu undir jakkanum. Í tröppum við hliðina á Hafnarkránni hafi setið piltur og stúlka. Hafi mennirnir numið staðar hjá þeim, en þá kveðst Guðmundur Björn snöggvast hafa litnið í aðra átt, og er hann hafi litnið til fólksins aftur, hafi pilturinn á tröppunum og sá í rauðköflóttu skyrtunni verið í ryskingum. Hafi hinn síðarnefndi haldið stúlkunni fyrir framan sig, en hinn fyrrnefndi verið að reyna að ná til hans. Hinn komumaðurinn hafi staðið til hliðar og stjakað við piltinum. Hafi pilturinn og sá í rauðköflóttu skyrtunni svo flogist á og velst um í götunni. Hinn komumaðurinn hafi komið félaga sínum til hjálpar og þeir haft piltinn und-

ir. Hafi sá, sem kom manningnum í rauðköflóttu skyrtunni til hjálpar, sest ofan á piltinn, en maðurinn í rauðköflóttu skyrtunni staðið upp, tekið upp gleraugun, sem hann hafði misst af sér, og sett á sig. Hann hafi svo gengið rólega að hinum tveimur og sveiflað hendinni eitthvað, og segist Guðmundur Björn þá hafa séð, að hann var með hníf í hendinni. Hann hafi beygt sig yfir hina tvo, en í því hafi stúlkan stokkið á hann, en hann borið fyrir sig vinstri hönd og ýtt stúlkunni að tröppunum, sem hún hafði setið í. Á hnífnum hafi hann haldið í hinni hægri. Í þeirri andrá kveðst hann hafa litið andartak af fólkinu, en er hann leit þangað aftur, hefði stúlkan legið á bakinu og blætt neðarlega úr brjósti hennar. Segir Guðmundur Björn engan annan hafa getað stungið stúlkuna en maðinn í rauðköflóttu skyrtunni, enda hafi hinir tveir verið staddir spölkorn frá þeim. Komumenn hafi þá hlaupið á brott og inn á lögreglustöð.

Vitnið Karl Kristján (sic) Gränz var í bíl á ferð um Hafnarstræti ásamt Bjarna Kristjáni Leifssyni og fleirum, þegar hann sá tvo menn í áflogum í götunni, og hafði annar hinn undir og sló þann, sem undir var. Annar maður hefði staðið rétt hjá þeim, klæddur leðurjakka og um fertugt. Stúlka hafi komið yfir götuna til þeirra og hrópað: „Hvað eruð þið að gera?“ Hafi sá, sem stóð hjá, þá ýtt með vinstri hendi á öxl stúlkunnar og stungið hana með einhverju, sem hann var með í hægri hendi, og kom lagið í kviðinn rétt neðan við þind. Hafi hann svo hrifsað veski stúlkunnar af henni og hlaupið í átt að lögreglustöðinni.

Vitnið Guðlaugur Gunnólfsson var í bílnum með þeim Karli Kristjáni og Bjarna Kristjáni. Kveðst hann hafa séð, hvar maður sat ofan á annarri mannveru rétt fyrir austan Píánóbarinn. Hafi maður þessi reitt höndina til höggs yfir þeim, sem lá undir honum. Í því hafi komið stúlka, sem vildi halda aftur af manningnum, og hafi hún hrópað á manninn, „hvort hann væri ruglaður“, og ýtt við honum. Þá hafi maður komið gangandi að henni með hníf í hægri hendi, stungið hana hiklaust í bringuna eða rétt undir bringubeinið og því næst rífið í veski hennar. Stúlkan hafi svo fljótlega fallið niður, en árásarmaðurinn horfið fyrir hornið á Pósthússtræti, og sá vitnið hann svo við lögreglustöðina skömmu síðar.

Vitnið Hlífur Arnar Ingólfsson hefur skýrt frá því, að hann hafi verið að koma út af Píánóbarnum og þá heyrt Guðmund Björn kalla upp, að hann skyldi hringja á sjúkrahús og lögreglu, því að hann héldi, að „hann hefði stungið hana“. Um leið hafi hann séð stúlkuna liggja á grúfu á götunni á milli húss Eimskipafélagsins og Café au lait. Hafi stúlka þessi rekið upp öskur. Rétt hjá henni hafi staðið maður, dökkhærður, með fitugt hár, í ljósum leðurlíkisjakka og stórrauðköflóttu skyrtu og gallabuxum. Maður þessi hafi

svo hlaupið í átt að miðborgarstöð lögreglunnar. Vitnið kvaðst hafa séð meðal þess fólks, sem fylgdist með átökunum, ljóshærða stúlku í þröngum leðurjakka og hávaxinn mann með henni. Vitnið kvaðst síðar hafa séð ljóshærða stúlku inni á lögreglustöð og telur, að um sömu stúlku hafi verið að ræða. Benti vitnið á Heiðar Gottskálksson í dómsalnum sem þann mann, er verið hefði með ljóshærðu stúlkunni.

Niðurstaða.

Með trúverðugum skýrslum vitnanna, sem raktar eru hér að framan, þeirra Ingibjargar Ýrar, Bjarna Kristjáns, Karls Kristjáns, Guðlaugs og Hlífars Arnars, sem ber saman í aðalatriðum og studdar eru frásögn Guðmundar Björns svo og frásögn ákærða, sem er í aðalatriðum samhljóða, og loks því, að hnifurinn var tekinn af ákærða stuttu eftir atburðinn, er sannað, að hann veittist að Ingibjörgu Ýri Jóhannsdóttur og stakk hana tilefnislaust og af ráðnum hug með hnífi í brjóstið. Áverka stúlkunnar er lýst hér að framan, og telst hann einn og sér eiga undir 218. gr. almennra hegningarlaga. Atlaga ákærða var auk þess stórhættuleg, og þykir þetta brot hans varða við 2. mgr. þessarar greinar hinna almennu hegningarlaga, sbr. lög nr. 20/1981, en ósannað verður að telja, að með ákærða hafi búið ásetningur um að ráða stúlkunni bana.

II.

Steinunn Björk Halldórsdóttir kveðst hafa verið stödd í Hafnarstræti með Heiðari Gottskálkssyni, þegar atburðir þessir urðu. Hún segist hafa verið búin að neyta áfengis, en alls ekki verið ofurölvi. Hafi þau Heiðar séð mann halda öðrum manni í götunni fyrir utan veitingastofuna Café au lait. Hafi hún farið til þeirra og spurt, hvort ekki væri „allt í lagi“, en einhver hafi ýtt sér frá. Hún hafi séð, að Heiðar var kominn austar eftir götunni en hún. Rétt hjá sér hafi hún séð mann og heyrt sagt, að hann væri með hníf. Þetta hafi verið maður með gleraugu, dökkhærður eða brúnhærður, jakka-klæddur og subbulegur. Maðurinn hafi gengið að sér og ýtt sér aftur á bak, svo að hún féll á sitjandann. Hún hafi orðið mjög hrædd vegna hnífsins og sagt við manninn: „Ég var bara að spyrja, hvort ekki væri allt í lagi.“ Hafi maðurinn þá sagt við sig: „Þú átt ekki að vera að skipta þér af því, sem þér kemur ekki við.“ Hafi hann horft á sig og stungið sig með hnífi í brjóstið í hjartastað. Í lögregluskýrslu var haft eftir Steinunni Björku, að maðurinn hefði gert þetta rólegur og ekki í flýti eða sjálfsvörn. Heiðar hafi séð, hvað gerðist, og komið sér til hjálpar og þau farið á miðborgarstöðina, en maðurinn elt þau þangað. Í dómi var hún spurð, hvort hún þekkti umræddan mann í dómsalnum, og benti hún á ákærða.

Heiðar Gottskálksson var með Steinunni Björku í Hafnarstræti, þegar at-

burðir þessir urðu. Hefur hann skýrt svo frá, að þar hafi fjórir strákar verið að slást, en getur ekki lýst þeim átökum nánar. Hann segir mann hafa hrint Steinunni Björku, svo að hún datt í tröppur við Café au lait. Hafi hann hlaupið til þeirra og spurt manninn, hvað hann væri að gera, en maðurinn veist að sér og lagt til sín með fjaðurhníf. Hann hafi þó náð að vikja sér undan, en þó rispast af hnífslaginu. Hafi hann þá ætlað að hverfa á braut, en snúið við til að ná í Steinunni Björku og öskrað á hana, að maðurinn væri með hníf. Maðurinn hafi síðan snúið sér að Steinunni Björku og stungið hana í brjostið. Kveðst Heiðar hafa séð greinilega, þegar maðurinn stakk hana. Ekki segist hann hafa tekið eftir orðaskiptum á milli mannsins og Steinunnar Bjarkar. Í dómi var Heiðar spurður, hvort hann þekkti umræddan mann í dómsalnum, og benti hann á ákærða.

Hlífar Arnar, sem áður er nefndur, kveðst hafa séð fleira fólk rétt hjá stúlkunni, sem lá í götunni. Hafi það verið ljóshærð stúlka í hvítum, þröngum bol og svörtum jakka og hávaxinn jakkaklæddur maður, sem vitnið sagði ljóshærðan hjá lögreglu, en dökkhærðan fyrir dómi. Maðurinn hafi hlaupið á brott. Segist hann svo hafa séð þau bæði á lögreglustöðinni, og var þá stór blóðblettur á bol stúlkunnar við brjóst og kvið.

Læknir sá, sem gerði að áverkanum á Steinunni Björku, Sigurgeir Kjartansson, sérfræðingur í skurðlækningum og æðaskurðlækningum, hefur komið fyrir dóminn og sagt, að engu hafi mátt muna með Steinunni Björku, og hafi hún verið við dauðans dyr, þegar hún komst undir læknishendur.

Niðurstaða.

Með skýru og trúverðugu vætti þeirra Steinunnar Bjarkar og Heiðars, sem að nokkru leyti er stutt frásögn ákærða sjálfs svo og Hlífars Arnars og því, að hnífurinn var tekinn af ákærða stuttu eftir atburðinn, er sannað, að hann veittist að Steinunni Björku og stakk hana tilefnislaust og af ráðnum hug með hnífi í brjostið. Gekk hnífurinn inn í hjarta, svo að stúlkan hlaut nær bana af. Hlaut ákærða að vera ljóst, að langlíklegast hlytist bani af hnífstungunni. Hefur hann með þessu orðið sekur um tilraun til manndráps, og er verknaðurinn réttilega færður til refsíákvæðis í ákæru.

Refsing, skaðabætur og sakarkostnaður.

Ákærða hefur ekki verið refsað áður. Vegna máls þessa sætti hann geðrannsókn hjá Hannesi Péturssyni geðlækni. Í skýrslu læknisins segist ákærði hafa átt við þunglyndi að stríða undanfarin ár auk annarra örðugleika. Telur læknirinn líklegt, að orsaka fyrir verknaði hans sé helst að leita í samverkandi áhrifum áfengis og hræðsluviðbragða við aðstæður, sem hann hafi ekki ráðið fram úr. Telur hann ákærða hafa verið andlega miður sín, þegar atburðirnir gerðust, og ekki getað fyllilega gert sér grein fyrir atburða-

rásinni. Fyrir utan þunglyndi hafi þó ekki komið fram einkenni um formlega geðsjúkdóma. Í niðurlagi skýrslunnar segir læknirinn að lokum, að þótt ölvun hafi efalaust sljóvgað dómgreind ákærða, sé raunveruleikamat hans með þeim hætti, að hann teljist sakhæfur.

Dómurinn telur, að ákærði hafi verið fær um að stjórna gerðum sínum, þegar hann framdi brotin, og sé því fyllilega sakhæfur í skilningi 15. gr. almennra hegningarlaga. Þegar ákærða er metin refsing, ber að líta til þess, hve tilræði hans við stúlkurnar voru hættuleg. Réð lán eitt því, að lífi Steinunnar Bjarkar varð bjargað og að ekki hlaust af bráð lífshætta fyrir Ingibjörgu Ýri. Ekki er vitað, hvað ákærða gekk til með atlögunum, en þær voru alveg tilefnislausar. Refsing hans þykir hæfilega ákveðin fangelsi í sjö ár. Frá henni ber að draga gæsluvarðhaldsvist hans frá 22. september sl., alls 138 daga.

Magnús Guðlaugsson hrl. hefur f. h. Steinunnar Bjarkar Halldórsdóttur lagt fram kröfu um örorku- og miskabætur á hendur ákærða í máli þessu. Krafan, sem er að fjárhæð 10.000.000 kr. auk dráttarvaxta frá 21. september 1997, er ósundurliðuð. Í rökstuðningi fyrir kröfunni er m. a. vísað til eðlis árásarinnar, aldurs brotaþola og fyrirsjáanlegra langtímaafleiðinga árásarinnar á líkamlega og andlega líðan Steinunnar Bjarkar. Ákærði krefst aðallega frávisunar á bótakröfunni, en sýknu til vara.

Áður hefur verið greint frá þeim áverka, sem Steinunn Björk varð fyrir. Yngsta læknisvottorð, sem fyrir liggur í málinu um heilsufar Steinunnar Bjarkar, er vottorð Gests Þorgeirssonar hjartasérfræðings frá 27. janúar sl., en í því segir: „Ástand er óbreytt í aðalatriðum, metið eftir ómskoðun á hjarta. Ekki verður fullyrt, hverjar hugsanlegar langtímaafleiðingar gætu orðið. Ljóst er, að Steinunn verður að taka sýklalyf fyrir allar aðgerðir, m. a. hjá tannlæknum, til að hindra hugsanlegar sýkingar á hinni skemmdu loku. Langtíma-bakleki upp í vinstra forhólf gæti hugsanlega valdið stækkun á hólfinu, hjartsláttartruflunum o. fl. Ekki er heldur óhugsandi, að hina gölluðu loku verði að laga einhvern tíma, en á þessu stigi verður ekki um það fullyrt.

Þegar Steinunn hefur komið til rannsókna á Sjúkrahús Reykjavíkur, hefur komið fram, að hún er illa haldin af verkjum í tengslum við skurðinn á brjóstkassa vinstra megin.“

Ekki er enn liðið hálft ár, frá því að Steinunni Björku var veittur lífshættulegur áverki á hjarta, sem hún hefur ekki fengið fullan bata af. Eru ekki tök á að meta varanlegt líkamstjón eða varanlegan miska hennar svo skömmu eftir árásina. Þá þykja ekki fram komnar í málinu nægjanlegar upplýsingar til að dæma miskabætur samkvæmt 26. gr. laga nr. 50/1993, er þykja eiga við um svo alvarlegar líkamsmeiðingar sem hér um ræðir.

Verður því ekki hjá því komist að vísa bótakröfunni frá dómi í heild sinni.

Lára V. Júlíusdóttir hdl. hefur f. h. Jóhanns Davíðssonar vegna ófjárráða dóttur hans, Ingibjargar Ýrar Jóhannsdóttur, lagt fram skaðabótakröfu á hendur ákærða í máli þessu. Krafan sundurliðast þannig:

Krafa vegna ófjárhagslegs tjóns:

Kjöll	kr.	3.000	
Bolur	–	3.000	
Lækniskostnaður	–	1.900	
Sjúkrabíll	–	2.500	kr. 10.400
Bætur vegna ófjárhagslegs tjóns			– 500.000
Lögfræðikostnaður			– 34.520
VSK af kostnaði			– 8.457
Samtals	kr.	553.377	

Í rökstuðningi fyrir kröfunni er m. a. vísað til þess, að Ingibjörg Ýr hafi verið stungin með hnífi á hol undir vinstra brjóst. Mildi hafi verið, að viðkvæm líffæri sködduðust ekki. Hún hafi auk sárs orðið fyrir verulegu andlegu áfalli, sem hún hafi engan veginn náð sér af. Föt hennar hafi eyðilagst og hún orðið fyrir beinum útgjöldum vegna árásarinnar. Þótt andlegir áverkar hafi ekki verið verulegir, hafi andleg líðan hennar verið afar slæm eftir árásina og hún orðið að leita sérfræðingsaðstoðar hennar vegna, m. a. áfallahjálpar.

Ákærði krefst aðallega frávísunar á bótakröfu, en sýknu til vara. Hann mótmælir kröfu um bætur fyrir fjárhagslegt tjón, m. a. á þeim grundvelli, að fylgiskjöl skorti.

Fyrir liggur, að Ingibjörg Ýr var stungin með hnífi í hjartastað, og gekk hnífurinn um 1½ cm inn fyrir húð að brjósthimnu. Hrein mildi var, að afleiðingar árásarinnar urðu ekki alvarlegri en raun ber vitni. Árás sú, sem stúlkan varð fyrir, var alvarleg atлага að persónu hennar og til þess fallin að valda henni andlegu áfalli. Þykir því rétt að dæma henni miskabætur úr hendi ákærða á grundvelli 26. gr. laga nr. 50/1993. Miskabætur vegna þess andlega áfalls, sem hún telst sannanlega hafa orðið fyrir, þykja hæfilega ákveðnar 200.000 krónur. Gögn til stuðnings kröfu Ingibjargar Ýrar um fjárhagslegt tjón skortir, en þó þykir grundvöllur til að dæma henni bætur úr hendi ákærða fyrir fatatjón. Kröfu hennar, að fjárhæð 6.000 krónur, þykir mjög í hóf stillt, og verður hún tekin til greina. Þá verður ákærði dæmdur til að greiða henni lögfræðikostnað, að fjárhæð 30.000 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti. Ákærði verður því dæmdur til að greiða Ingibjörgu

Ýri bætur fyrir miska, fatatjón og lögfræðikostnað, samtals að fjárhæð 236.000 krónur auk dráttarvaxta, eins og í dómsorði greinir.

Af hálfu ákærða hefur því verið haldið fram, að ekki skuli telja til sakarkostnaðar í málinu kostnaðinn við DNA-rannsóknina. Það er hins vegar skoðun dómsins, að eins og málið lá fyrir, þ. e. snerist um tvær hnífstungur, ekki lá fyrir játning og ákærði og sum vitnin reyndust hafa verið ölvuð, hafi verið réttlætanlegt að ráðast í slíka rannsókn. Beri því að telja kostnaðinn af henni til sakarkostnaðar.

Dæma ber ákærða til þess að greiða allan sakarkostnað, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 75.000 krónur, og réttargæslu- og málsvarnarlaun verjanda síns, Ragnars Tómasar Árnasonar hdl., 250.000 krónur, sem dæmdar eru án virðisaukaskatts.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Tryggvi Sigfússon, sæti fangelsi í 7 ár. Frá refsingunni ber að draga gæsluvarðhaldsvist ákærða frá 22. september sl., alls 138 daga.

Ákærði greiði Ingibjörgu Ýri Jóhannsdóttur 236.000 krónur auk dráttarvaxta samkvæmt vaxtalögum nr. 25/1987 frá 25. september 1997 til greiðsludags.

Bótakröfu Steinunnar Bjarkar Halldórsdóttur er vísað frá dómi.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 75.000 krónur, og 250.000 krónur í réttargæslu- og málsvarnarlaun verjanda síns, Ragnars Tómasar Árnasonar hdl.